501

Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa
Pósthólf 5150
125 Reykjavík — Iceland
Kennitala 430775-0229

Alþingi
Erindi nr. Þ 112/1109
komudagur 9/5 1990

Reykjavík 4.5.1990

Alþingi Íslendinga,
Heilbrigðis- og Tryggingarnefnd
Neðri Deildar.

Stéttarfélagi íslenskra félagsráðgja (SÍF) hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 59 frá 1.júní 1983 með áorðnum breytingum.

Stjórnin fjallaði um frumvarpið á fundi sínum þann 2. mai s.l. og óskar að gera eftirfarandi athugasemdir.

Hugmyndin um trúnaðarmann/ umboðsmann sjúklinga og aðstandenda þeirra er góðra gjalda verð .
Hins vegar eru að mati stjórnar SÍF ýmsir annmarkar á fyrirkomulagi og innihaldi "starfsins" eins og það kemur fram í frumvarpinu. Þar virðist gert ráð fyrir að trúnaðarmaðurinn/umboðsmaðurinn sé starfsmaður sjúkrahússins og ráðinn af sjúkrahússtjórn. Sú tilhögun getur torveldað trúnaðarmanni að gæta hagsmuna sjúklinga á hlutlausan hátt. Fremur ættu sjúklingar eða samtök þeirra að annast ráðningu slíks starfsmanns og starfa óháð sjúkrahúsum.

Ennfremur vill stjórn SÍF benda á að starfsvið umræðds trúnaðarmanns er illa skilgreint og óljóst í frumvarpinu. Þar er farið inn á starfsvið margra stétta sem fyrir eru á sjúkrahúsum.

Að lokum virðist óæskilegt að binda starfsvið túnaðarmanns/ umboðsmanns við ákveðnar stéttir, einkum þar sem ekki er um að ræða starf sem krefst sérstakrar fagþekkingar.
Starf sem þetta krefst fyrst og fremst samstöðu með sjúklingunum og færni í að aðstoða þá við að gæta réttar síns.

Virðingarfyllst

F. h. Stéttarfélags ísl.félagsráðgjafa

Lára Björnsdóttir

Lára Björnsdóttir, formaður.